

Ed.

587. Nefndarálit

[49. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. ÞP mun skila séráliti, en FRV var fjarverandi, þegar afstaða var tekin til frv. í nefndinni.

Meiri hl. n. getur ekki mælt með samþykkt frv. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að félagsheimilaskjöld skortir milljónatugi til þess að geta staðið undir skuldbindingum sínum. Meðan svo stendur, virðist óeðlilegt að hækka hlutfall framlaga til einstakra framkvæmda.

Nú mun vera í undirbúningi ný löggjöf um skemmtanaskatt, sem m. a. er ætlað að sjá félagsheimilaskjöldi fyrir auknum tekjum. Má búast við, að um leið þurfi að endurskoða félagsheimilalögin.

Að þessu athuguðu leggur meiri hl. n. til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 8. apríl 1963.

Auður Auðuns,
form., frsm.

Ólafur Björnsson,
fundaskr.

Friðjón Skarphéðinsson.